



Íslenskir þátttakendur verkefnisins í Tasiusak í Grænlandi; Ylfa Leifsdóttir, Ásta Hermannsdóttir deildarstjóri fornleifadeildar byggðasafnsins, Berglind Þorsteinsdóttir safnstjóri, Helgi Sigurðsson hleðslumeistari og kennari Fornverkaskólans og Einar Kárason. MYNDIR: BSK

Byggðasafn Skagfirðinga tekur þátt í Nora verkefninu Viking Networks and Young Adults
Eftir Berglinni Þorsteinsdóttur, Einar Kárason og Ylfu Leifsdóttur

Hluti af eflingu afskekkttra svæða felst í að veita ungu fólki spennandi tækifæri

Byggðasafn Skagfirðinga er þátttakandi í verkefninu Viking Networks & Young Adults en um er að ræða samstarf milli Byggðasafnsins, Lofotr Viking Museum í Noregi, Kyle & Lochalsh Community Trust í Skotlandi og Kujataa World Heritage á Grænlandi. Verkefni er styrkt af Norræna Atlants-samstarfinu (NORA) og er til þriggja ára en fyrsta ár verkefnisins var árið 2023.

Verkefnið byggir á sameiginlegri arfleifð landanna þriggja, sögu umræddra svæða og minja frá 11. öld. Sameiginlegt markmið safnanna er að finna lausnir við þeim áskorunum sem felast í sjálfbærri ferðamennsku og eflingu afskekkttra svæða og byggða.

Hluti af eflingu afskekkttra svæða felst í að halda í ungt fólk á svæðinu og er það eitt af markmiðum verkefnisins að veita ungu fólki atvinnutækifæri á sínum heimaslóðum með þátttöku í verkefninu. Hver stofnun er því alltaf með tvö ungmenni sem taka þátt í verkefninu

í gegnum þessi þrjú ár. Alls hafa þrjú ungmenni komið að verkefninu hjá Byggðasafninu. Ylfa Leifsdóttir hefur verið í verkefninu bæði árin og Gísli Laufeyjarson Höskuldsson tók þátt árið 2023 en Einar Kárason tók við þegar Gísli hætti störfum hjá safninu í byrjun árs 2024.

Meginafurð þessa samstarfs verður handbók þar sem fjallað verður um þær áskoranir sem stofnanirnar hafa glímt við og lausnir þeirra. Verkefnið samanstendur af fjárfundum a.m.k. einu sinni í mánuði ásamt heimsókn til hvorrar stofnunar yfir þessi þrjú ár. Í þessum heimsóknum eru

haldnir vinnufundir auk þess sem hver stofnun kynnir sína starfsemi og miðlar þekkingu tengdri verkefninu en hver stofnun býr yfir mismunandi reynslu og þekkingu sem hún getur miðlað áfram og hinar stofnanirnar geta lært af.

Þátttakendur verkefnisins komu til Íslands í maí 2023. Í heimsókninni var lögð áhersla á torfarinn og sjálfbæra ferðamennsku. Hópurinn skoðaði að sjálfsögðu Glaumbæ og Viðimýrarkirkju en einnig Hóla í Hjaltadal, Kakalaskála, Lýtingsstaði, sýningu 1238 og Tyrfingsstaði þar sem hópurinn fékk jafnframt að spreyta sig á torfristu. Hópurinn fékk þannig góða innsýn í torfhúsaarfinn og kynningu á landi, þjóð og sögu. Seinna sama ár eða um mánaðarmótin júlí/ágúst fór hópurinn síðan til Noregs. Meginþema þeirrar heimsóknar var sjálfbærni. Hópurinn fékk fyrirlestra sem sneru að efninu, skoðaði skála-byggingu og sýningu í Lofotr Víkingasafninu og fóru á Víkingahátíð sem haldin er árlega hjá safninu. Þá voru Polarhagen Lofoten, sem stunda lífræna garðyrkju, og Aalan Gård, þar sem er stundaður geitabúskapur, heimsótt.

Í ár var hópnun síðan stefnt til Grænlands í lok júlí. Hópurinn dvaldi í Qassiarsuk og Igaliku. Sauðfjárnúð Tasiusaq heimsótt, skoðaður hafis á bát í Qooqqut, minjasvæðin í Bröttuhlíð og Görðum voru skoðuð og sólarcellur í Igaliku en orkumál eru ofarlega á baugi í Grænlandi þessa stundina. Þá fengu þátttakendur verkefnisins að kynnast grænlenkum hátíðarhöldum á 100 ára afmæli Qassiarsuk.

Við heyrum frá unga fólkinu sem eru fulltrúar byggðasafnsins og Íslands í verkefninu, um þeirra hlutverk og hvaða tækifæri ferlast í þátttökunni.



Berglind, Halumi frá Grænlandi og Einar á blússandi siglingu um Tunulliarfik fjörð, öðru nafni Eiríksfjörð.



Bodið var upp á leiðsögn um minjasvæðið að Görðum í Igaliku, sem rekja má aftur til 12. aldar. Garðar voru aðalkirkjustaður og biskupssetur Grænlandinga hinna fornu.



Hópurinn virðir fyrir sér fallegt landslag Grænlands.



Hópurinn fékk kynningu á orkumálum en hér skoða þau sólarcellur í Igaliku.



Endurbýgging af húsi inuíta sem voru notuð til vetursetu. Þau voru byggð úr torfi og grjóti.



Berglind og Einar á vinnufundi í Igaliku.



Reiðsýning á íslenskum hestum í tilefni af 100 ára afmælishátíð Quassarsuk.

Ylfa Leifsdóttir frá Bakkakoti í Vesturdal

Sigling innan um Ísjaka á Grænlandi stendur upp úr

Ylfa hefur starfað hjá byggðasafninu um árabil en nú annast hún netmiðlun safnsins og starfar hjá fornleifadeild. Foreldrar hennar eru Leifur Steinarr Hreggviðsson og Kerstin Hiltrud Roloff.

Hvernig er að taka þátt í alþjóðlegu verkefni og hvað finnst þér um viðfangsefnið? „Það er virkilega fróðlegt og gefandi að hitta starfsfólk menningarstofnana frá mismunandi löndum og ræða sameiginlegar áskoranir og vinna að lausnum á þeim. Þá er auðvitað mjög gaman að kynnast betur menningu annarra landa og hafa tækifæri til að heimsækja staði sem ég hefði líklega annars aldrei fengið tækifæri til að heimsækja.

Viðfangsefni þessa verkefnis er mjög áhugavert en forsendurnar eru auðvitað þessi sameiginlega arfleifð landanna. Það er forvitnilegt að sjá og heyra hvaða áhrif þessi sameiginlegi bakgrunnur hefur haft á viðkomandi svæðum og hvernig þessum menningararfi er haldið á lofti í dag á hverjum stað. Þá er magnað hvað það er margt sem er líkt þrátt fyrir það að við séum öll frá mismunandi löndum og búum við ólíkar aðstæður og á sama tíma athyglisvert að sjá og heyra það sem er ólíkt og hvernig þær áskoranir eru tæklaðar t.d. orkumál sem eru mjög ólík milli landanna.“

Í hverju felst tækifæri ungmennanna til þátttöku og hvert er hlutverk ykkar? „Við höfum verið að kynna okkur ýmislegt sem viðkemur sjálfbærni og orkumálum og höfum í sameiningu fjallað um þau viðfangsefni út frá okkar stofnun í handbókinni. Ég held að við séum margs fróðari eftir þátttöku í þessu verkefni, það að kynna sér viðfangsefnið, taka þátt í ritun handbókarinnar og eiga skoðanaskipti við kollega okkar ytra er allt mjög lærdómsríkt. Reynslan frá þessu verkefni mun klárlega nýtast í framtíðinni og hugsanlega jafnvel opna einhverjar dyr um annars konar samstarf seinna meir.“



Hvað hefur staðið upp úr? „Ætli ég verði ekki að segja að ferðalögin standi upp úr, Lofoten og Grænland eru staðir sem ég hefði líklega aldrei heimsótt ef ekki væri fyrir þetta verkefni. Það er alveg sérstaklega gefandi upplifun að koma sem gestur í svona verkefni af því við fáum þá svo miklu meiri innsýn í starfsemi mismunandi staða og í raun að kíkja „á bak við tjöldin“ sem við fengjum ekki sem bara „venjulegt“ ferðafólk. Þá er líka áhugavert að upplifa þann menningarmun sem er milli landanna, þó hann sé mismikill.

Ef ég ætti að nefna einhverja eina upplifun í þessum tveimur ferðalögum sem eru að baki þá held ég að ég verði að segja að sigling innan um Ísjaka á Grænlandi hafi staðið sérstaklega upp úr. Það var dásamlega fallegt og einstakt að sigla inn fjörd sem var fullur af Ísjökum og ekki nóg með það heldur var tekinn moli úr einum Ísjakanum og bútaður niður og við fengum öll að smakka á klakanum. Frekar klikkað að hugsa til þess að klakinn gæti hafa verið allt að nokkur þúsund ára gamall ef hann hefur brotnað neðarlega úr jöklinum,“ segir Ylfa að lokum.

Einar Kárason frá Varmahlíð

Samvinna landanna á milli hefur víkkað sjóndeildarhringinn

Einar hefur starfað hjá byggðasafninu í þrjú ár sem safnvörður, fyrst sem sumarstarfsmaður en hann var hjá safninu sl. vetur, m.a. í tengslum við verkefnið. Foreldrar hans eru Kári Gunnarsson og Sigfríður Jódís Halldórsdóttir.

Hvernig er að taka þátt í alþjóðlegu verkefni og hvað finnst þér um viðfangsefnið? „Hingað til hefur það verið mjög skemmtilegt og vel heppnað. Verkefnið hefur gert manni kleift að kynna nýjum menningarheimum og byggja upp tengslanet sem nær út fyrir landsteinanna, sem mér þykir ómetanleg reynsla. En auðvitað er það ekki alltaf dans á rósum, eins og með flest annað. Að vinna með fólk sem býr þúsundi kílómetra í burtu getur og hefur reynst krefjandi á tímum. En ég hef kosið að upplifa það sem verkefni í sjálfu sér frekar en áskorun. Að halda mér sjálfum og öðru fólk ábyrgu fyrir vinnunni sem verkefnið felur í sér tel ég hafa verið þroskandi og er hverjum hollt. Að sama skapi hefur þessi samvinna landanna á milli víkkað sjóndeildarhringinn fyrir öðrum álitum og mismunandi nálgunum á margvísleg mál.

Sjálfbærni er orð sem maður heyrir mjög mikið núorðið, þegar ég byrjaði að vinna við verkefnið gerði ég mér litla grein fyrir hvað var átt við með því. En eftir að hafa kynnt mér þau mál betur, hefur verið áhugavert að fræðast um hvað við Íslendingar erum framarlega á þeim vettvangi, þar sem maður getur oft fallið í þá gryfju að telja það sjálfsgagt mál. Það að hafa setið fundi og lært af fólk frá nágrennalöndum okkar um mál þar sem þeir eru heldur framar í en við hefur einnig verið mjög lærdómsríkt.“

Í hverju felst tækifæri ungmennanna til þátttöku og hvert er hlutverk ykkar? „Sem ungmenni í verkefninu hef ég sinnt upplýsingaöflun og textasmíði fyrir kaflann sem við ljúkum við í ár sem fjallar



um sjálfbærni í orkumálum. Ég sit mánaðarlega fjárfundi með samstarfsfólki mínu þar sem við ræðum við erlenda kollega okkar um handbókina fyrrnefndu. Hvert land greinir þá frá þeim upplýsingum sem þau hafa aflað til þess að nýta sér álit hópsins, og geta þau sem hlusta fengið innblástur þaðan fyrir eigin skrif. Fundirnir hafa gengið vel og hafa þeir gert okkur kleift að draga lærdóm af hvoru öðru.

Hvað hefur staðið upp úr? „Grænlandsförin, alveg klárlega. Að hafa fengið tækifæra til að fara til framandi lands sem ég hafði aldrei hugsað mér að ég myndi nokkurn tímann heimsækja ef ekki hefði verið fyrir þetta verkefni. Við fengum að upplifa Grænland eins og landinn og túristuðumst svo aðeins líka. Gönguferðir um súrealískt landslag, bátsferðir inn að jökum sem mæta sjó og gæða kvöldstundir með nýjum vinum er eitthvað sem ég mun seint gleyma,“ segir Einar.